



Leikskólinn Álfasteinn

b.t. Elísabetar Kjartansdóttur og umhverfisnefndar

Lónsbakka, Hörgársveit

601 Akureyri

Egilsstöðum, 06. júní 2024

Efni: Vegna grænfánaúttektar 17. maí sl.

Kæru Elísabet og umhverfisnefnd leikskólans Álfasteins

Bestu þakkir fyrir góðar móttökur í úttektinni og gott spjall. Hér að neðan er endurgjöf til ykkar ásamt niðurstöðum úttektarinnar.

Þið unnuð með þemun neysla og hringrásarhagkerfi (áður neysla og úrgangur) og lýðheilsa á tímabilinu.

Skrefin sjö

Ábendingar

Skrefin sjö	Ábendingar
1. Umhverfisnefnd	x Umhverfisnefndin samanstendur af breiðum hópi starfsmanna og tveimur börnum. Fundað hefur verið reglulega. Auka þarf vægi barna í nefndinni og gott að heyra að þið eruð nú þegar með áform um það. Mikilvægt er að hugmyndir barna hafi farveg til þess að komast í framkvæmd eftir aðstæðum. Vel gert að börnin skiptast á að vera flokkunarstjórar. Það er til fyrirmyndar að starfsmenn úr hverri deild eiga sinn fulltrúa á umhverfisnefndinni til að virkja grænfánastarfið hjá öllum árgögnum og virkja öll börn og starfsmenn til þátttöku. Fundargerðir af grænfánafundum er dreift til allt starfsfólks, mjög gott.
2. Mat á stöðu mála	x Nemendur fylltu út gátlistar með kennurum og málin voru rædd. Niðurstöður listanna var dreift í allar deildir til skólastjórnenda auk eldhússins. Nemendur úr eldri deildum kusu um áherslur á hvorri önn. Skemmtileg nálgun. Búið er að uppfæra gátlista og má finna nýja lista hér: https://graefaninn.is/graefaninn/gatlistar/ .
3. Aðgerðaráætlun og markmið	x Markmiðssetningarblöð voru fyllt út. Yfirmarkmið voru sett fyrir alla og svo voru undirmarkmið og aðgerðir valin tengt aldri nemenda. Góð nálgun. Einnig var haldið utan um alla starfsemi sem tengist grænfánastarfi á einhvern hátt. Mjög gott.

4. Eftirlit og endurmat	x	Umhverfisnefndin for reglulega yfir stöðu mála. Einnig var það gert inn á hverri deild. Mat nefndar er að vel hefur gengið.
5. Grænfáninn í daglegu starfi	x	Góður grunnur á grænfánastarfi er orðin hluti af daglegu starfi hjá öllum í leikskólanum. Grænfánamenningin á fastan sess í leikskólastarfi. Vel gert! Til viðbótar hafið þið unnið að mörgum góðum og mikilvægum verkefnum tengd þemanu <i>neyslu og hringrásarhagkerfið</i> . Eins hafið þið reynt að viðhalda eldri verkefnum eins og t.d. skapandi verkefni um geiminn, jólagjafir úr endurnýttu efni til foreldra, verkefnið um hafið, um árstíðir, um mold og ræktun á plöntum og grænmeti og efla þekkingu barnanna á því. Starfsfólk tekur þátt í Jól í skókassa og áætlun er um að láta börnin taka þátt næst, í leikskólanum er hefð fyrir útikennslu, gönguferðir, hreyfistundir, rafmagnslausan dag, ævintýradag, fjölmeningarviku, barnafundir, foreldrar eru með tombólu og starfsfólk tekur þátt í hjólað í vinnuna. Haldið áfram að sinna grænfánastarfi á svona fjölbreyttan hátt!
6. Upplýsa og fá aðra með	x	Foreldrar eru upplýstir um grænfánastarfið, m.a. með fréttum um grænfánastarf í vikulegum pósti. Stefna Hörgársveitar um að skólar sveitarfélagsins vinni eftir hugmyndafræði Grænfánans styrkir og hvetur skólanna áfram. Verkefni nemenda um þakkarkortin er einnig mjög flott. Þið eruð með áform um að efla kynningu á grænfánastarfi næsta vetur og það er frábært. Bæta má efni á heimasíðunni og þið eruð með hugmyndir um að setja meira efni á fésbókarsíðuna.
7. Umhverfissáttmáli	x	Notast er við gamla sáttmálann. Rætt er um uppfærslu sem unnið verður að á næsta skólaári.

Markmið sem unnið var með á tímabilinu

Yfirmarkmið voru að minnka matarsóun og að efla lýðheilsu með jóga og núvitund. Undirmarkmið og aðgerðir voru valin tengt aldri nemenda. Ýmist annað grænfánastarf var unnið og hægt er að draga það allt saman í eftirfarandi 5 aðalmarkmið.

Minnka matarsóun	x	Afgangsmatur nýttur í leikskólanum, tekið heim af starfsmönnum eða sett í frískáp á Akureyri. Hluti af afgangsmat gefinn hænum og kindum. Haldið utan um matarsóun í hverri deild með vigtnu matarleifa. Rætt og frætt um matarsóun. Verkefni um líkaman.
Minnka úrgang	x	Allt flokkað. Matvæli keypt úr nærumhverfi eins og kostur er – minni umbúðir. Fjölnota poka undir blaut föt, fjölnota klúta sem eru saumaðir úr óskilahandklæðum og afgangspplastpoka undir bleiur. Pappír, plast, málmur

		og gler er notað í skapandi starf og það sem ekki er nytsamlegt er flokkað.
Jóga - núvitund	x	Dagleg útivist og útikennsla einu sinni í viku. Hugleiðsluæfingar. Hreyfistundir á sal einu sinni í viku, jógaæfingar í lokin. 2-3 jógastöður á hverjum morgni. Í lok hvers íþróttatíma voru gerðar núvitundaræfingar og alltaf í lok samveru á föstudagsmorgnum. Yngstu börnin læra um líkamspartar og hugtök.
Efla þekkingu barnanna á ræktun, jörðinni og vexti plantna	x	Börnin voru frætt um moldina, ræktun og lífverurnar sem búa í moldinni. Einnig lærðu þau hvaða grænmeti vex ofan í jörðinni og hvaða matur vex ofan á jörðinni. Flott myndræn verkefni voru unnin sem hanga á veggnum.
Auka fræðslu og efla meðvitund barna	x	Mikið er spjallað við börnin um þau mál og verkefni sem eru tekin fyrir og myndræn verkefni voru unnin til útskýringar. Verið er að nálgast málefnið með jákvæðni, gleði og áhuga.

Heildarniðurstaða

Leikskólinn er búinn að vera lengi í Grænfanaverkefninu og það er hægt að finna í grænfanamenningu sem leikskólinn ber með sér. Ákveðinn grunnur grænfanastarfs er orðin að sjálfsgöðum hluti í daglegu starfi og það er frábært. Um tíma dró mikil stækkun á leikskólanum, byggingarframkvæmdir og starfsmannabreytingar úr áframhaldandi þróun á grænfanastarfi en það tókst að viðhalda mikilvægan grunn þess. Þegar framkvæmdum var lokið fór grænfanastarfið aftur á fullt með metnað og áhuga. Hörgársveitin leggur áherslu á það að allir skólar í sveitarfélaginu eru Grænfanaskólar sem hefur einnig hvetjandi áhrif.

Sérstakt hrós fáið þið fyrir ykkar heildar-skóla-nálgun þar sem þið leggið áherslu á virku grænfanastarfi í öllum deildum tengd aldri og þroska barna. Allir taka þátt. Með því að hafa fulltrúa úr hverri deild í umhverfisnefndinni náði þið að dreifa vel öllum upplýsingum til allra og stuðlið að góðri samvinnu um grænfanastarfið. Þetta er alveg til fyrirmyndar!

Þið leggið á fjölbreyttan hátt áherslu á að börnin læri að þykja vænt um hvert annað, um umhverfið sitt og náttúru. Áfram svona!

Þið eruð dugleg að nota þessa fallegu náttúru sem er í kringum ykkur í starfið og stefnið m.a. að samstarfi við eldri borgara um útisvæði. Þið eruð með fullt af hugmyndum og áhuga um áframhaldandi grænfanastarf og það verður gaman og áhugavert að fylgjast með þessu starfi þróast og dafna. Vel gert.

Við minnum að lokum á glærnýja heimasíðu Grænfánans: <https://graenfaninn.is/>. Þar er að finna allar upplýsingar um [Grænfánaverkefnið](#) og einnig um verkefnið [Umhverfisfréttafólk](#) og um [menntun til sjálfbærni](#).

Sú nýjung er á nýju heimasíðunni að þar er að finna safn [huqtaka](#) tengd náttúru og umhverfis með bæði stuttum og ítarlegum skýringum.

Í verkefnakistu Grænfánans má finna fjölda verkefna sem eru ýmist samin af menntateymi Landverndar eða hafa komið frá grænfánaskólum í gegnum tíðina. <https://landvernd.is/verkefnakista/>.

Fræðslupakkar Grænfánans geyma fræðsluefni, myndbönd, ítarefni og verkefni: <https://menntuntilsjalfbaerni.is/namsefni/fraedslupakkar-graenfanans/>

Grænfáninn er búinn að gefa út fullt af námsefni sem finna má hér: <https://graenfaninn.is/namsefni/>

Nýlega kom út rafbókina „Menntun til sjálfbærni – Handbók fyrir kennara“ sem er fræðsluefni fyrir kennara á öllum skólastigum en sérstaklega skrifuð með unglíngastig grunnskóla og framhaldsskóla í huga. Farið er yfir áskoranir, skilgreiningar og kennslufræði menntunar til sjálfbærni og fræðin eru síðan tengd saman við raunverulegt skólustarf með dæmum og tillögum. Í seinni hluta bókarinnar er farið ítarlega yfir sjálfbæra þróun, heimsmarkmiðin, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni og aðgerðir sem mannkynið þarf að fara í. Það efni getur bæði nýst vel í kennslu og sem endurmenntun. https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/menntun_til_sjalfbaerni/

Þið hafið náð þeim góða árangri að fá grænfánann afhentan í áttunda sinn. Innilega til hamingju með það!

Bestu kveðjur,

Guðrún Schmidt
Menntateymi Landverndar